

Nd.

376. Frumvarp til laga

[165. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja Ólafi Baldvinssyni land býlisins Gilsbakka í Arnarneshreppi.

Flm.: Jónas G. Rafnar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafi Baldvinssyni land það úr jörðinni Syðri-Bakka í Arnarneshreppi, sem honum hefur verið mælt út og nefnist Gilsbakki.

Náist ekki samkomulag um andvirði hins selda, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir sem næst 20 árum fékk Ólafur Baldvinsson úthlutað landspildu úr landi Syðri-Bakka í Arnarneshreppi. Fyrir nokkrum árum fékk Ólafur útmælt viðbótarland, sem nægir til þess að koma býlinu í tölu nýbýla.

Ólafur hefur farið þess á leit að fá land þetta keypt, og hefur umsagnar hreppsnefndar Arnarneshrepps verið leitað um málið.

Í bréfi, dags. 16. marz 1966, mælir hreppsnefndin eindregið með því, að Ólafi verði gefinn kostur á að kaupa landið.